

HULA - byggðasamlag um sorpmeðferð
Austurvegi 17
870Vík

Reykjavík, 31. ágúst 2021
UST202012-097/F.T.
08.14.02

Úrbótaáætlun vegna fráviks frá starfsleyfi

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 4. janúar 2021 þar sem óskað var eftir úrbótaáætlun vegna fráviks er skráð var í eftirliti á urðunarstað Hulu á Skógarsandi þann 1. júlí 2020. Þann 6. janúar 2021 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikið er eftirfarandi:

- 1. Gr. 1.2 í starfsleyfi.** Heimilt er að taka á móti 400 tonnum af úrgangi á ári á urðunarstað Hulu en skv. upplýsingum sem skilað var í gagnagátt (magntölur úrgangs) var samtals tekið við 693 tonnum til urðunar árið 2019, fyrir utan urðun dýrahræja. Skv. rekstraraðila var farið með hluta þessa úrgangs til landmótunar á urðunarstað að Uxafótarlæk. **Í úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að Mýrdalshreppur hafi hafið flokkun plasts og pappírs 1. janúar 2019 og að 1. janúar 2020 hafi sveitarfélagið byrjað að flokka lífrænan úrgang frá almennu sorpi og telji sig þannig vinna að því að ná markmiði að urða innan við 400 tonn á ári á Skógarsandi. Á árinu 2020 hafi verið urðuð 522.700 tonn samanborið við 693.000 tonn árið 2019. Rekstraraðili telur flokkun sorps muni hafa jákvæð áhrif en telur sig þurfa tíma til að innleiða þá breytingu. Einnig sé stór hluti þess sem urðað sé á Skógarsandi timbur sem unnið sé að því að finna not fyrir. Rekstraraðili óskaði eftir fresti til 1. febrúar 2023 til að geta metið áhrif bættrar flokkunar úrgangs.**

Frávik frá gr. 1.2 í starfsleyfi er yarða umframmagn til urðunar hafa áður verið skráð í eftirliti hjá rekstraraðila. Árið 2016 var farið 177 tonnum fram úr leyfilegri heimild til urðunar, árið 2018 var umframmagn urðað úrgangs 290 tonn. Árið 2019 var magnið 293 tonn og árið 2020 122,7 tonn.

Þann 13. desember 2019 samþykkti stofnunin úrbótaáætlun rekstraraðila varðandi frávik frá gr. 1.2 í starfsleyfi vegna umframmagns árið 2018. Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila, ætlaði rekstraraðili sér að hefja flokkun á lífrænum úrgangi frá almennu sorpi þann 1. janúar 2019 og taldi með því að urðun yrði innan við 400 tonn á árinu 2019. Í bréfinu kom fram að ef áætlun um úrbætur gengi ekki eftir, myndi stofnunin halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Í ljósi þess að um ítrekað frávík er að ræða og að ekki var staðið við áður samþykka úrbótaáætlun, fellst Umhverfisstofnun ekki á úrbótaáætlun rekstraraðila frá 6. janúar 2021.

Stofnunin hyggst fara í næsta reglubundna eftirlit til rekstraraðila á næstunni og mun eftirlitsmaður fara yfir frávikið og mögulegar lausnir í því eftirliti. Í kjölfarið verður rekstraraðila sent bréf og veittur frestur til að senda inn uppfærða úrbótaáætlun.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur